

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 18. mars 2021 eftirfarandi:

*Stekkjarflöt 25, breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir viðbyggingum við framhlið og bakhlið húss sem fara út fyrir byggingarreit.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 24. september 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

*Jafnakur 8, breyting á deiliskipulagi Akralands.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits í átt að opnu svæði.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 22. nóvember 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

*Markarflöt 57, breyting á deiliskipulagi Flata.*

Breytingartillagan gerir ráð fyrir stækkun byggingarreits að norðanverðu.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 27. desember 2021.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2021